



# Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025

## Njarðvíkurskóli

### Reykjanesbær



# **Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025**

## **Njarðvíkurskóli**

### **Reykjanesbær**

Reykjanesbær, júní 2025

## Inngangur

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Njarðvíkurskóla er greint frá innra mati skólans og tekur skýrslan mið af niðurstöðum sem þegar liggja fyrir um innra starf og stefnu Njarðvíkurskóla skólaárið 2024-2025. Matið er unnið af stjórnendum og sjálfsmatsteymi skólans á grunni upplýsinga sem liggja fyrir í lok skólaárs. Niðurstöðurnar eru bornar saman við markmið skólans og stefnu Reykjanesbæjar í menntamálum. Eins eru niðurstöður skoðaðar út frá þeim matsspurningum sem eru settar fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Umbóta- og aðgerðaáætlun er unnin á grunni sjálfsmatsskýrslunnar. Hér birtist sjálfsmat Njarðvíkurskóla fyrir skólaárið 2024-2025.

## Efnisyfirlit

1. Sjálfsmat – tilgangur.....	6
1.1 Rökstuðningur.....	7
1.2 Lesendur.....	7
2. Um skólann.....	7
2.1 Stefna skólans .....	8
2.1.1 Menntun .....	8
2.1.2 Mannrækt .....	8
2.1.3 Markmið.....	8
2.1.4 Leiðir.....	9
2.2 Menntastefna Reykjanesbæjar .....	9
2.3 Stjórnun .....	12
2.4 Nám og kennsla .....	12
2.5 Námsmat .....	13
2.6 Agamál .....	14
PBS .....	14
Stöndum saman gegn einelti.....	15
2.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun .....	15
2.8 Samstarf við forráðamenn.....	15
2.9 Skólanámskrá .....	16
2.10 Ytra mat Menntamálastofnunnar.....	16
3 Viðmið um matið.....	17
4 Sjálfsmatsaðferðir og matstæki.....	17
4.1 Nemendakannanir .....	18
- Skólapúlsinn.....	18
- Lesferill Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu .....	18
-Logos.....	19
-Talnalína 3., 6. og 8.....	19
- Námsmat í lok skólaárs er kynnt nemendum og forráðamönnum. ....	20
4.2 Starfsfólkskannanir .....	20
- Starfsfólkskönnun Moodup.....	20
-Skólapúlsinn - Starfsfólk.....	20

- Starfsfólkssamtöl í mars/apríl.....	20
- Kaffihúsafundur.....	20
- Lærum hvert af öðru.....	21
- Stjórnendaheimsókn í kennslu.....	21
- Líðan samtöl við almenna starfsmenn.....	21
- Skýrslur teyma sem stýra afmörkuðum verkefnum innan skólans.....	21
- Framkvæmdarmat á viðburðum skólaársins.....	21
4.3 Foreldrakannanir.....	21
-Skólakynningarfundir, samtalsdagar og foreldrasamstarf.....	21
- Skólapúlsinn – könnun forráðamanna.....	21
- Viðhorfskönnun forráðamanna.....	21
5. Helstu niðurstöður sjálfsmats Njarðvíkurskóla.....	22
5.1 Skólapúlsinn.....	22
Nemendakönnun – niðurstöður.....	22
Foreldrakönnun – niðurstöður.....	24
Starfsmannakönnun - niðurstöður.....	27
5.2 Moodup – starfsfólkskönnun.....	30
Njarðvíkurskóli – niðurstöður.....	30
Ösp – niðurstöður.....	31
5.3 Viðhorfskönnun forráðamanna í 3., 6. og 9. bekk á samtalsdegi í janúar.....	31
3. bekkur.....	32
6. bekkur.....	33
9. bekkur.....	34
5.4 Lestrar- og stærðfræðiskimanir.....	36
5.5 Önnur matstæki.....	38
6. Framkvæmdarmat.....	39
7. Umbótaáætlun.....	43

## 1. Sjálfsmat – tilgangur

Í Njarðvíkurskóla hefur verið unnið að því að byggja upp skipulegt, áreiðanlegt og umbótamiðað mat á helstu þáttum skólastarfsins. Sett hafa verið fram viðmið skóla um mat sem fram koma í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Við úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum Njarðvíkurskóla árið 2008 uppfyllti skólinn öll viðmið um aðferðir og framkvæmd. Í ytra mati Menntamálastofnunar í nóvember 2019 kom fram að vel er staðið að sjálfsmati skólans. Þeir þættir sem komu fram sem tækifæri til umbóta voru settir í umbótaáætlun skólans. Yfirumsjón með mati á skólastarfi hafa stjórnendur skólans; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildastjórar og sjálfsmatsteymi skólans. Umbótaáætlanir eru byggðar á niðurstöðum kannana sem eru lagðar fyrir starfsfólk, nemendur og forráðamenn á skólaárinu, niðurstöðum skimunar- og könnunarprófa, skýrslum teyma fagfólks, starfsfólkssamtölum auk annars sem tengist innra mati skólans.

Tilgangur matsins er fyrst og fremst að skoða alla þætti skólastarfsins með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara, efla það sem vel gengur og framfylgja þannig áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Í skólanámskrá Njarðvíkurskóla kemur fram að megingilgangur með sjálfsmati skólans er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna að framgangi markmiða hans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að faglegum grundvelli fyrir umbótum. Matið þarf að vera altækt þar sem það nær til allra þátta skólastarfsins og þarf vera árangursmiðað, þar sem upplýsingarnar munu verða nýttar sem grundvöllur að ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfs. Matið er jafnframt samstarfsmiðað, þar sem það er unnið af starfsfólki skólans á grundvelli margvíslegra upplýsinga sem safnað hefur verið saman og einnig er það stofnana- og einstaklingsmiðað þar sem litið er á skólann sem heild og einstaklinga sem þar starfa.

**Tilgangur og markmið með sjálfsmati í skólastarfi er að:**

- hjálpa skólanum að leita leiða til að bæta námsárangur nemenda
- efla þekkingu alls starfsfólks á stofnuninni sem heild
- styrkja meðvitund starfsmanna um markmið skólans
- auka samstarf og samheldni

- skapa umræðu og skoðanaskipti
- veita stuðning við krefjandi aðstæður
- bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem starfa í skólanum
- kynna hagsmunaaðilum starfsemi skólans

## 1.1 Rökstuðningur

Í lögum um grunnskóla nr. 658/2009 er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 2. og 3. greinar laganna með virkri þátttöku starfsfólks, nemenda og forráðamanna sem við á. Grunnskólinn skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sig, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Með sjálfsmatinu gerum við okkur betur grein fyrir stöðu skólans, hverjar eru sterkar og veikar hliðar hans. Sjálfsmatið er órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og unnið því til framdráttar. Tilgangur þessarar skýrslu er í fyrsta lagi að taka saman það sem þegar hefur verið gert til að meta starfsemi skólans og bera það saman við þá aðgerðaráætlun sem unnið er eftir. Einnig hvernig verði best unnið að því að svara þeim spurningum um starf skólans sem settar eru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla.

## 1.2 Lesendur

Skýrslan á að nýtast sem vinnuþagg fyrir starfsfólk skólans um mat á skólastarfinu. Þannig verður matið tæki til þess að gera aðgerðaráætlanir til þess að takast megi að vinna að áframhaldandi skólaþróun í Njarðvíkurskóla. Sjálfsmatsskýrsla þessi er skrifuð með það fyrir augum að hún skuli verða opinber. Hún er kynnt fyrir starfsfólki skólans, nemendum, forráðamönnum, menntaráði Reykjanesbæjar og bæjaryfirvöldum. Einnig er hún birt á heimasíðu skólans.

## 2. Um skólann

Njarðvíkurskóli var stofnaður árið 1942 og var skólahúsnæðið tekið í notkun í febrúar árið 1943. Oft hefur verið byggt við upprunalegt húsnæði, síðast árið 2000. Skólinn er vel búinn tækjum og aðstaða fyrir starfsfólk og nemendur er nokkuð góð. Njarðvíkurskóli er umhverfisvænn grunnskóli sem leggur áherslu á lestrarnám á öllum stigum skólans. Í lok skólaársins 2024-2025 voru 464 nemendur skráðir í skólann sem

er svipaður fjöldi og var við upphaf skólaársins. Skólinn hefur undir sinni stjórn tvö sérhæfð námsúrræði sem þjóna öllum grunnskólum Reykjanesbæjar og eru námsúrræðin í tveimur húsum á lóð skólans. Annað námsúrræðið, Ösp, er sérhæft námsúrræði fyrir fatlaða nemendur sem eru í brýnni þörf fyrir mjög sérhæft og einstaklingsmiðað námsumhverfi og kennsluhætti. Björk er sérhæft námsúrræði fyrir nemendur með alvarlegar atferlis- og hegðunartruflanir og/eða geðræn vandamál.

## 2.1 Stefna skólans

*Einkunnarorð Njarðvíkurskóla eru menntun og mannrækt.*

### 2.1.1 Menntun

Við kappkostum að uppfylla ákvæði aðalnámskrár grunnskóla um almenna menntun sem eina meginstoð lýðræðis, undirstöðu menningar og almennrar velferðar. Í samvinnu við heimilin, viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

### 2.1.2 Mannrækt

Við viljum finna og rækta hæfileika sérhvers nemanda svo hann nái að þroskast og mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

### 2.1.3 Markmið

Markmiðið eru að öllum nemendum geti liðið vel í skólanum og góð samvinna takist milli heimila og skóla.

Markmiðið er enn fremur að nemendur:

- beri ábyrgð á eigin námi
- verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér verkefni eftir áhugasviði
- geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í vinnu sinni
- þjálfí félagsfærni sína í samvinnu við aðra nemendur og kennara
- fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni og vinna með margskonar efnivið í samvinnu við aðra nemendur og fagfólk
- verði færir um að meta stöðu sína í námi
- verði færir um að meta vinnu sína og samnemenda á gagnrýninn og jákvæðan hátt
- læri að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum og temji sér sjálfsaga

- læri að tjá sig um skoðanir sínar og líðan án þess að særa aðra eða að ganga á rétt annarra
- beri virðingu fyrir umhverfi sínu

#### 2.1.4 Leiðir

Með því að:

- vinna með lykilhæfni með öllum nemendum
- leggja rækt við það góða í manneskjunni
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- leggja áherslu á jákvæðan aga
- leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám m.a. með samvinnu, þemavinnu, blöndun hópa og flæðis milli námsgreina
- skipuleggja námið með mismunandi yfirferð námsefnis á misjöfnum tíma til að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur
- nemendur taki þátt í að setja sér raunhæf markmið í samvinnu við fagfólk og forráðamenn
- nemendur taki þátt í að meta vinnu sína og verk
- vekja áhuga og virðingu nemenda fyrir umhverfinu sínu með öflugri umhverfismennt
- efla kennslu í lífsleikni frá upphafi skólagöngu nemenda
- þjálfra tjáningu og framsögn

## 2.2 Menntastefna Reykjanesbæjar

Stefna skólans tekur einnig mið af Menntastefnu Reykjanesbæjar sem var samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar í september 2021 og gildir til 2030. Menntastefnan ber heitið „Með opnum hug og gleði í hjarta“ og er meginmarkmið hennar að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta. Menntastefnunni er skipt í þrjú leiðarljós sem einkenna allt starf með börnum í sveitarfélaginu en þau eru: „Börnin mikilvægust - Kraftur fjölbreytileikans - Faglegt menntasamfélag.

Þá eru fimm megináherslur sem ná yfir þá eiginleika og hæfni sem stefnt er að til að þroska og efla hjá börnum í leik og starfi. Þessar áherslur eru: Við og jörðin – Sköpunargleði - Mér líður vel - Allir með - Opnum hugann.

Unnið er markvisst að því að flétta bæði leiðarljós stefnunnar sem og megináherslur í allt starf skólans og hjá öllum sem koma að skólasamfélagi Njarðvíkurskóla.

Í leiðarljósi börnin mikilvægust er unnið að því að tryggja að kennsluaðferðir og námsefni taki mið að þörfum nemenda og áhugasviðum. Fagfólk nýtir fjölbreyttar kennsluaðferðir og nemendum er boðið að vinna að áhugasviðsverkefnum sem dæmi í skólavali, náttúrugreinum í 10. bekk og í námsveri. Fagfólk er einnig hvatt til að nýta og viðurkenna fjölbreyttan bakgrunn og styrkleika nemenda og starfsfólks. Í Njarðvíkurskóla er fjölbreyttur nemenda- og starfsfólkshópur sem lærir af hver öðrum. Faglegt menntasamfélag snýst um samvinnu, að deila þekkingu og stöðug fagleg þróun starfsfólks. Þar koma sterkt inn kynningarnar „Lærum hvert af öðru“ þar sem fagfólk kynnir verkefni sín á starfsfólksfundum, þróunarverkefni sem starfsfólk tekur þátt í sem og samvinna og góður starfsandi. Þannig er starfsfólk einnig góðar fyrirmyndir fyrir nemendur og forráðamenn í að efla faglegt menntasamfélags.

Unnið er að megináherslum menntastefnunnar á eftirfarandi hátt:

- **Við og jörðin:** Í skólanum er starfandi virkt umhverfisteymi sem sér um fræðslu til nemenda og starfsfólks. Unnið er eftir matslistum landverndar í verkefni Grænfánans og fékk skólinn Grænfánann afhentan síðast á skólaárinu 2023-2024, þá í sjöunda sinn en Grænfáninn er afhentur skólum sem leggja áherslu á umhverfismennt og menntun til sjálfbærni.
- **Sköpunargleði:** Í skólastarfi Njarðvíkurskóla eru nemendur hvattir til að virkja sköpunargleði sína á margvíslegan hátt. Á yngsta stigi eru nemendur í skólavali auk þess sem eru nemendur í 1.-2. bekk í forskóla á vegum kennara frá Tónlistarskóla Reykjaneshæjar. Á miðstigi eru nemendur í smiðjum þar sem þau eru í dansi, leiklist og hópeflisleikjum. Nemendur á miðstigi vinna einnig í smiðjum að nýsköpun og nemendur eru hvattir til að taka þátt í þeim samkeppnum sem eru s.s. Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, Sögur – verðlaunahátíð barnanna, stuttmyndakeppninni Sexan, Myndlistarkeppni Lions og fleira sem stuðlar að sköpun með fjölbreyttum verkefnum og lausnamiðaðrar hugsunar.

- **Mér líður vel:** Í skólastarfi Njarðvíkurskóla eru unnið að góðri líðan allra sem koma að skólasamfélaginu. Agakerfið stuðningur við jákvæða hegðun var innleitt í skólastarfið skólaárið 2007-2008 og vinnur allt starfsfólk eftir því. Þá eru verkfæri eins og Verkfærakistan frá KVAN og ART (e. Aggression Replacement Training) notað í nemendahópum eftir því sem þörf er á með aðkomu nemendaráðgjafa og/eða þroskaþjálfra og náms- og starfsráðgjafa. Í kennslu í lífsleikni er stuðst við námsefni sem stuðlar að því að efla sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda s.s. „Ég og sjálfsmyndin“ á miðstigi og „Eitt líf“ á unglíngastigi.
- **Allir með:** Allt starfsfólk vinnur að því að skapa skólasamfélags þar sem allir nemendur fá að njóta sín, óháð bakgrunni, menningu eða getu. Unnið er að aðlöguðu námsumhverfi fyrir þá sem þess þurfa og stoðþjónusta skólans er til stuðnings við starfsfólk og nemendur. Þar koma inn nemendaráðgjafar, þroskaþjálfari sem og náms- og starfsráðgjafi. Nemendur með erlendan bakgrunn fá stuðning í ÍSAT veri skólans og geta þeir leitað til kennara þar sem og forráðamenn þeirra. Nemendur í Ösp sem er sértækt námsúrræði í Njarðvíkurskóla taka þátt í þeim tímum og viðburðum sem þeir hafa tök á og samvinna milli starfsfólks í Njarðvíkurskóla og Ösp skapar tækifæri til fjölbreyttra verkefni og samvinnu nemenda í fjölbreyttu skólasamfélagi.
- **Opnum hugann:** Nemendur eru hvattir til forvitni í námi og þar koma verkfæri leiðsagnarnáms sterk inn. Vinna við áhugasviðsverkefni á miðstigi sem og á unglíngstigi hvetja nemendur til að setja sér markmið, spyrja spurninga og leita lausna á skapandi hátt. Fjölbreytt samfélag Njarðvíkurskóla stuðlar að umburðarlyndi og opnum huga gagnvart fjölbreytni mannlífsins.

Lögð er áhersla á að vinna að leiðarljósum sem og megináherslum sé samþætt í öllu skólastarfi og nái til allra þátttakenda í skólasamfélaginu, nemenda, starfsfólks og forráðamanna.

## 2.3 Stjórnun

Stjórn skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar eldri og yngri deilda, deildastjóri stoðþjónustu sem og deildastjórar sérhæfðra námsúrræða. Við skólann starfar náms- og starfsráðgjafi og tveir nemendaráðgjafar. Ýmis teymi og nefndir fagfólks eru starfandi í skólanum sem halda utan um mismunandi málaflokka svo sem leiðtoga-teymi leiðsagnarnáms, læsisteymi, umhverfis- og grænfanateymi, PBS teymi, sjálfsmatsteymi, eineltisteymi, áfallateymi, hátíðarnefnd, viðburðanefnd, heilsu- og forvarnarteymi. Í upphafi skólaárs er gefið út fundadagatal og eru settir inn starfsfólks-, fagfólks- og stigsfundir. Fundadagar fyrir slíka fundi eru á miðvikudögum. Nemendaverndarráð er skipað aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra stoðþjónustu, deildastjórum yngri og eldri, náms- og starfsráðgjafa, nemendaráðgjafa, skólahjúkrunarfræðingi, sálfræðingi og kennsluráðgjafa frá Menntasviði Reykjanesbæjar og fulltrúa frá Velferðarsviði Reykjanesbæjar. Ráðið fundar tvisvar í mánuði og hefur það hlutverk að vinna að velferðarmálum nemenda. Við skólann starfar skólaráð undir stjórn skólastjóra og fundar það reglulega. Einnig er starfandi foreldrafélag við skólann.

## 2.4 Nám og kennsla

Í Njarðvíkurskóla eru tíu árgangar og í öllum árgöngum eru tveir bekkir nema í 8. bekk, þar eru þrír bekkir í árgangi. Umsjónarkennarar í 2. bekk voru með teymiskennslufyrirkomulag í opnu rými þar sem það voru ávallt tveir kennarar með hópinn. Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á sveigjanlega kennsluhætti og er það viðurkennt að nemendur þurfa mislangan tíma til að ná settum markmiðum. Nemendur í 8.-10. bekk fá sex tíma í valgreinum á viku og geta nemendur í 9. og 10. bekk geta einnig sótt tiltekna valgreinar í Fjölbrautaskóla Suðurnesja en auk þess geta nemendur fengið íþróttaiðkun, tónlistarnám og starf með björgunarsveit metið sem val. Í list- og verkgreinum í 1.-7. bekk er bekkjum skipt í minni hópa auk þess sem nemendur í 5.-6. bekk fara í smiðjur þar sem list- og verkgreinar auk forritunar er kennd. Skólaval er í 1.-4. bekk þar sem nemendur vinna í fjölbreyttu vali og í 5.-7. bekk vinna nemendur með stuðningi kennara að áhugasviðsverkefnum tvær kennslustundir í viku.

## 2.5 Námsmat

Tilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem eiga að hjálpa nemendum við námið. Nauðsynlegt er að námsmat hafi hagnýtan tilgang sem kennarar og nemendur þurfa að vera meðvitaðir um því að allar kennslufræðilegar ákvarðanir um námsframvindu nemenda eru byggðar á mati. Námsmat þarf að vera fjölbreytt svo hægt sé að koma til móts við alla nemendur og er námsmat undirstaða aðgreiningar í kennslu svo hugsa þarf um það sem leiðarvísir í gegnum allt nám. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum með námið og aðstoða þá í því að ná markmiðum sínum. Námsmat á að veita nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um námsframvindu nemenda svo þeir geti skipulagt áframhaldandi nám sitt í samræmi við það. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólalífisins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Haldið var áfram með innleiðingu á leiðsagnarnámi frá síðasta skólaári og var áhersla þessa árs á að prófa verkfæri leiðsagnarnáms með nemendum.

Fjölbreyttar námsmatsleiðir eru viðhafðar en með fjölbreyttu alhliða mati eru nemendur að yfirfara kunnáttu sína og ekki síður að bera ábyrgð á eigin námi sem er eitt af mikilvægum atriðum í lykilhæfni. Með því að nemendur sjái tilgang með námi verða þeir meðvitaðir um gildi þeirrar menntunar sem þeir verða aðnjótandi. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og því verður að vanda vel framkvæmd á því. Mat er á vinnu nemenda allt skólaárið en með mati metur kennarinn færni nemanda í námi og starfi á sem fjölbreytilegastan hátt og getur þá í framhaldi veitt nemanda leiðsögn um hvernig hann getur bætt sig. Helstu áherslur í námsmati eru:

- verkefni, vinnubrögð og frágangur
- vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- skil á heimavinnu
- kannanir og próf
- mat á hópavinnu, samstarf og samvinnu
- sjálfsmat nemenda og jafningjamat

Kennari heldur utan um skráninguna jafnóðum, skráir námsmatið á Mentor og svo fá nemendur í öllum árgöngum vitnisburðarblað á skólaslitum.

Skólaárið er ein önn og fá nemendur formlegan vitnisburð á skólaslitum í lok hvers skólaárs. Nemendur fá þó óformlegan vitnisburð á samtalsdegi í janúar/febrúar þar sem farið er yfir það námsmat sem þá er lokið. Á samtalsdegi í október er farið yfir markmiðssetningu nemenda fyrir skólaárið auk þess sem forráðamenn og umsjónarkennari ræða um námslega og félagslega stöðu nemandans. Í byrjun maí fá nemendur mat á lykilhæfni þar sem umsjónarkennari auk annarra kennara sem koma að nemendum meta nemendur í eftirfarandi lykilhæfniflokkum: Tjáning og miðlun, samvinna, skapandi og gagnrýnin hugsun, nýting miðla og upplýsinga, sjálfstæði, ábyrgð og mat á eigin námi.

Eftirlit með námsárangri er í höndum umsjónarkennara og deildarstjóra. Miklu máli skiptir að nemendur viti fyrir fram hvaða þættir verða metnir og til hvers skólinn ætlast af þeim. Útfærsla námsmats kemur fram í hverri grein í bekkjarnámskrá hvers árgangs einnig kemur það fram á Mentor hjá nemendum.

Einkunnir nemenda í 1. – 10. bekk eru gefnar á vitnisburðarblöðum í lok skólaárs. Hjá nemendum í 1.-4. bekk er vísað í sundurliðun á hæfnimati nemenda á Mentor í öllum fögum en lesfimi, lesskilningur, ástundun auk umsagnar í íslensku, stærðfræði og almenn umsókn umsjónarkennara koma fram á vitnisburðarblaði. Nemendur í 5.-9. bekk fá einkunn fyrir grunnfög, valfög (8.-9. bekkur), lesfimi, lesskilning og ástundun er gefin í tölum. Þar er einnig vísað í sundurliðun á hæfniviðmiðum á Mentor. Nemendur í 10. bekk fá einkunn í bókstöfum út frá matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Lesfímieinkunn er gefin í orð lesin á mínútu þar sem metin eru lestrarnákvæmni og leshraði. Stuðst er við viðmið í lesfimi frá Menntamálastofnun.

## 2.6 Agamál

### PBS

Í skólanum er unnið eftir agakerfinu PBS (e. Positive Behavior Support) eða heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun. PBS er aðferð til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og

samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Verkáætlun er í höndum teymis sem fundar reglulega undir handleiðslu teymisstjóra. Á skólaárinu var PBS teymið í samstarfi við verkefnisstjóra SMT/PBS á Íslandi sem framkvæmdi SET mælingu við upphaf og lok skólaársins.

### **Stöndum saman gegn einelti**

Njarðvíkurskóli vinnur eftir Stöndum saman gegn einelti sem er unnið í anda PBS agakerfinu. Nemendum er kennt að bregðast við áreiti með ákveðnu merki (bæði líkamstjáningu og orðum), ganga frá og síðast segja frá (hættu-gakktu-segðu frá). Unnið er markvisst að því að kenna nemendum og þjálfra í aðstæðum, sem þolanda, geranda og áhorfenda. Í skólanum starfar teymi sem hefur það verkefni að vinna að málum um grun um einelti. Teymið vinnur eftir samræmdum verklagsreglum Reykjanesbæjar sem aðgengilegir eru á heimasíðu skólans. Teymið skoðar sérstaklega niðurstöður í svörum nemenda í Skólapúlsinum varðandi einelti.

### **2.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun**

Starfsfólk við skólann á skólaárinu er 103. Þar af eru 28 kennarar, tveir sérkennarar, 14 leiðbeinendur, sex þroskaþjálfar, tveir sérfræðingar í Ösp, tveir atferlisfræðingar í Ösp, tveir nemendaráðgjafar, 37 almennt starfsfólk skóla (stuðningsfulltrúar og starfsfólk skóla), skrifstofustjóri, umsjónarmaður, bókaforstjóri, forstöðumenn frístundaheimila og starfsfólk frístundaheimilis, deildastjórar sértækra námsúrræðanna í Björk og Ösp, deildastjóri stoðþjónustu auk skólastjórnenda.

Lögð er áhersla á gott samstarf alls starfsfólks og að allt starfsfólk stundi símenntun. Gerð er símenntunaráætlun fyrir hvert skólaár sem er hluti af skólanámskrá. Skólastjóri vinnur símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og óskum starfsfólks sem fram koma m.a. í starfsfólkssamtölum.

### **2.8 Samstarf við forráðamenn**

Njarðvíkurskóli leggur áherslu á að góð samvinna takist á milli heimila og skóla. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og samábyrgð. Unnið er í nánú samstarfi við foreldrafélag skólans að því að efla samstarf milli heimila og skólans og er stöðugt verið að leita nýrra leiða til að styrkja samstarfið.

Við skólann starfar foreldrafélag og skólaráð. Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum í skólastarfinu t.d. aðstoð við vorhátíð. Bekkjjarfulltrúar/foreldrahópar koma að samstarfi við kennara að skipulagi að bekkjarskemmtunum. Skólaráð fundar reglulega undir stjórn skólastjóra. Skólaráð starfar eftir starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

## 2.9 Skólanámskrá

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla er unnin af stjórnendum ásamt starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins og þær verklagsreglur sem þar gilda. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms, námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Jafnframt gefur hún kost á að aðlaga fyrir mæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Í skólanámskrá er birt stefna skólans og áætlun um skólastarf næsta skólaárs sem byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins. Skólanámskrá Njarðvíkurskóla skiptist í fjóra hluta: Almennan hluta, starfsáætlun skóla, bekkjarnámskrár og handbók starfsfólks. Allir hlutar skólanámskrár eru aðgengilegir á heimasíðu skólans fyrir utan handbók starfsfólks. Starfsáætlun skólanámskrár er endurskoðuð árlega en almennur hluti hennar er endurskoðaður á þriggja ára fresti. Á vormánuðum skólaársins 2021-2022 var farið í endurskoðun á skólanámskránni og var hún unnin og birt eftir þeirri endurskoðun haustið 2022. Hún mun því gilda frá 2022-2025 og vera endurskoðuð næst á skólaárinu 2025-2026.

## 2.10 Ytra mat Menntamálastofnunar

Starf Njarðvíkurskóla var metið í nóvember 2019 með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Menntamálastofnunar fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er fyrst og fremst til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðslufirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, forráðamenn og nemendur. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Þeir þættir sem skoðaðir eru í ytra mati eru stjórnun og

fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Skólinn óskaði svo eftir úttekt á vinnu við skóla án aðgreiningar. Skýrslan í heild sinni er aðgengileg á heimasíðu skólans sem og umbótaáætlun sem unnin var út frá niðurstöðum. Á skólaárinu 2020-2021 kallaði Menntamálastofnun eftir hvernig til hafði tekist að framfylgja umbótaáætlun. Vegna aðstæðna í samfélaginu tókst ekki að uppfylla alla þætti umbótaáætlunar og þeir þættir færðir yfir á næsta skólaár. Í lok skólaárs 2021-2022 var mat á umbótaáætlun tekið saman, skilað til Menntamálastofnunar og birt á heimasíðu skólans. Var umbótaáætlun skólans við ytra mati Menntamálastofnunar samþykkt að öllu leyti.

### 3 Viðmið um matið

Í Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla kemur fram að viðmið við matið er stefna skólans ásamt menntastefnu Reykjanesbæjar. Eftirtaldar matsspurningar voru settar fram í sjálfsmatsáætlun Njarðvíkurskóla:

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
2. Eru kennsluaðferðir og mat á námi líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?
3. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsfólks og nemenda, þ.m.t. samskipti líðan og umhverfi?
4. Fá forráðamenn stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

### 4 Sjálfsmatsaðferðir og matstæki

Sjálfsmat skóla felst í því að afla með skipulögðum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins, gjarnan á grundvelli matsspurninga. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera niðurstöður saman við markmið eða viðmið. Á grundvelli matsins eru teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð umbótaráætlun þar um sem er unnin að hausti af sjálfsmatsteymi skólans.

Hér er lýst aðferðum Njarðvíkurskóla við mat á árangri skólastarfsins. Aðferðirnar eru greinandi og byggja á sjálfsmatsáætlun, skólanámskrá, könnunum sem hafa verið lagðar fyrir forráðamenn, starfsfólk og nemendur, niðurstöðum prófa og styrk- og veikleikagreiningum ásamt ýmsum athugunum, viðhorfskönnunum og tölfræðilegum upplýsingum um starfsemi skólans. Notuð er sú aðferð að innra mat, unnið á

forsendum skólans, styðst við ytra mat yfirvalda og utanaðkomandi aðila. Þetta tvíhliða mat ætti að auka trúverðugleika og stuðla að umbótum á því sem metið er.

#### 4.1 Nemendakannanir

- **Skólapúlsinn** er rafræn könnun sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu. Grunnskólar víðs vegar á landinu eru skráðir í verkefnið en nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Nemendum í 6.-10. bekk er skipt í hópa sem taka könnunina á mismunandi tímum á skólaárinu, þ.e. í september, nóvember, janúar, mars og maí. Niðurstöður eru birtar í stigum og prósentum. Viðmiðunarreglan er að munur uppá 0,5 stig erbekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Þegar niðurstöður úr hverri spurningu eru reiknaðar þá er það reiknað út í prósentum. Niðurstöður eru kynntar starfsfólki jafn og þétt yfir skólaárið. Þar sem lokaniðurstöður bárust seint á skólaárinu verða þær kynntar nemendum í haust af stjórnendum skólans þar sem teknar verða umræður um styrkleika og áskoranir í hverjum árgangi. Svörun í Skólapúlsinum í ár var 91% eða alls 209 nemendur í 6.-10. bekk.

#### - **Lesferill Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu** skiptist í eftirfarandi hluta

- Lesfimi sem er markviss skráning á leshraða nemenda í 1.-10. bekk. Kennarar leggja fyrir nemendur lesfimiþróf í september, janúar og maí og færa niðurstöður þeirra inn í Skólagátt Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem eru aðgengileg stjórnendum og íslenskukennurum. Niðurstöður eru einnig færðar inn á Mentor svo þær séu aðgengilegar forráðamönnum.
- Lesskimun er lögð fyrir nemendur í 1. bekk til snemmtækrar íhlutunar þar sem skimunin sýnir niðurstöður í þremur aðskildum færniþáttum en þeir eru hljóðkerfisvitund, bókstafir og hljóð og málþroski. Niðurstöður eru sendar forráðamönnum og í framhaldi er unnið með niðurstöður markvisst í skóla og heima.

- Stuðningspróf sem kanna orðleysulestur og sjónrænan orðaforða eru markvisst lögð fyrir nemendur í 1. -10 sem ná ekki 90% viðmiðum (V1) í lesfimi sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu setur. Ef nemandi kemur út með veikleika miðað við jafnaldra þá er brugðist við með markvissri lesfimiþjálfun fram að næsta lesfimiþrófi. Niðurstöður eru settar á Mentor og eru þannig aðgengilegar forráðamönnum í gegnum fjölskylduvef Mentors. Þeir nemendur sem fara í stuðningspróf Lesferils fá einstaklingsverkefni sem þeir vinna í skóla og heima með aðstoð forráðamanna til að efla lesfærni.
- Matsrammi fyrir lesfimi tryggir að allir þættir lesfiminna séu kenndir og þjálfaðir jöfnum höndum í lestrarnámi enda skipta þeir allir máli fyrir lestrarfærni nemanda. Hann veitir einnig nemendum og forráðamönnum upplýsingar og endurgjöf um stöðu nemandans lýsir vel hvað átt er við með hugtakinu lesfimi. Matsramminn skiptist í fjóra þætti: i) tjáningu, ii) sjálfvirkni lestrar/leshraða, iii) hljómfall og hendingar, iv) flæði. Matsramminn sýnir glögg að leshraði og nákvæmni sem mæld eru í lesnum orðum á mínútum á lesfimiþrófi, gefa ekki fullnægjandi mynd af stöðu nemenda og að mikilvægt sé að kenna, þjálfar og meta alla þætti lesfiminna. Góð lesfimi er ein meginforsendan fyrir góðum lesskilningi. Þess vegna er mikilvægt að kenna lesfimi markvisst með fjölbreytni í lestrarkennslu og þjálfun þar sem sjónum er beint að fleiri þáttum lesfiminna en einungis leshraðanum. Í maí er íslenskukennarinn búinn að meta alla þætti í matsrammanum hjá nemendum sem eru á milli viðmiða 1 og 2 í raddlestri (lesin orð á mínútu). Matsramminn er sendur heim með vitnisburðablaði í maí.

**-Logos** skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum Menntasviðs Reykjanesbæjar og sérkennurum skólans fyrir nemendur í 6. og 9. bekk sem eru undir viðmiði tvö (V2) í lesfimi við lok 5. og 8. bekkjar. Niðurstöðum eru kynntar stjórnendum, kennurum og bréf sent rafrænt til forráðamanna. Niðurstöður eru nýttar til að skoða styrkleika og veikleika hvers nemanda bæði í leshraða og lesskilningi og til að sjá hvort nemandi þurfi frekari skoðun vegna lestrarörðugleika.

**-Talnálína 3., 6. og 8** - er stöðupróf í stærðfræði sem er lagt fyrir nemendur í 3., 6. og 8. bekk. Prófið er til þess fallið að fylgjast með framvindu stærðfræðinámsins og gefa kennurum og forráðamönnum tækifæri til að grípa inn í ef frammistaða er ekki viðunandi. Eftir að nemandinn hefur lokið við að taka alla efnisþætti prófsins þá er sent heim skjal þar sem er búið að tilgreina hvaða atriði nemandinn svaraði rétt og hvaða atriði þarf að þjálfar betur. Prófið metur A, B og C hæfni í stærðfræði en viðmiðið

er að nemendur nái B hæfni í öllum þáttunum. Ítarefni fylgir stöðuprófinu og ef nemandi nær ekki einhverjum ákveðnum þáttum þá fær hann aukabjálfun í þeim þáttum þar sem B hæfni náðist ekki.

- **Námsmat í lok skólaárs er kynnt nemendum og forráðamönnum.**

## 4.2 Starfsfólkskannanir

- **Starfsfólkskönnun Moodup** – vinnustaðagreining til að mæla starfsánægju hjá Reykjanesbæ. Könnunin var send út fimm sinnum yfir árið til starfsfólks með SMS eða tölvupósti og voru nokkrar spurningar sendar út í hvert skipti. Tilgangur könnunar er að bæta starfsumhverfið með því að gefa stjórnendum innsýn í upplifun starfsfólks. Niðurstöður eru kynntar á starfsfólksfundum jafnt og þétt yfir skólaárið og lokaniðustaðan á starfsdögum að vori. Niðurstöður eru sundurgreindar eftir því hvort starfsfólk er að vinna í Njarðvíkurskóla eða Ösp en einnig hvort um fagmenntað starfsfólk er að ræða eða starfsfólk skóla. Svörun starfsfólks var mjög góð á skólaárinu eða 97% heilt yfir í Njarðvíkurskóla og 94% í Ösp.

-**Skólapúlsinn - Starfsfólk** - rafræn könnun send á alla starfsmenn í mars þar sem kannað er almennt um starfið og starfsumhverfi, stjórnun skóla, mat og endurgjöf og endur- og símenntun. Starfsfólkskönnun Skólapúlssins er lögð fyrir starfsfólk annað hvert skólaár. Svarhlutfall þetta skólaárið var 83,2% þar sem fjöldi svara var 84.

- **Starfsfólkssamtöl í mars/apríl.** Greining á helstu styrkleikum og umbótaverkefnum sem fram koma í samtölunum. Niðurstöður nýttar í gerð Endur- og símenntunaráætlunar skólans.

- **Kaffihúsafundur** var í formi starfsmannafundar eins og á síðasta skólaári. Yfirskrift fundarins var „Jákvæður skólabragur í Njarðvíkurskóla“. Þar voru ræddir þættir eins og góð líðan, samskipti, tækifæri til að auka samvinnu starfsfólks og verkefni og aðgerðir til að styðja við fyrrgreinda þætti. Margir punktar komu fram sem stjórnendur halda áfram að vinna með og flokka í verkefni stjórnenda, fagfólks, sameiginleg og þau sem eru í framtíðaráætlun.

- **Lærum hvert af öðru.** Kynningar fagfólks á völdum verkefnum á starfsfólksfundum og starfsdögum.
- **Stjórnendaheimsókn í kennslu.** Allir stjórnendur fóru í heimsókn til fagfólks á haustönn, fylgdust með og gáfu endurgjöf eftir heimsóknina.
- **Líðan samtöl við almenna starfsmenn.** Skipulögð samtöl stjórnenda við almenna starfsmenn um líðan og aðra þætti sem snúa að starfi þeirra.
- **Skýrslur teyma sem stýra afmörkuðum verkefnum innan skólans.**
- **Framkvæmdarmat á viðburðum skólaársins.**

### 4.3 Foreldrakannanir

-**Skólakynningarfundir, samtalsdagar og foreldrasamstarf.** Skólakynningar voru í heimastofum á skólasetningardegi 23. ágúst eftir skólasetningu á sal. Kynningarnar voru svo senda til forráðamanna í tölvupósti. Samskiptadagar sem voru 8. október og 28. janúar voru með hefðbundnu sniði. Forráðamenn gátu skráð viðtöl á Mentor og þeir sem óskuðu gátu fengið viðtal á Teams. Kennarar skiluðu mati á hvernig til tókst á samskiptadegi til deildastjóra.

- **Skólapúlsinn – könnun forráðamanna.** Rafræn könnun sem er send á úrtak foreldra í febrúar. Mikilvægt er að svörun sé yfir 80% til þess að niðurstöður séu marktækar. Könnunin sem er lögð fyrir annað hvert ár og kannar nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf og heimastuðning. Fjöldi svarenda í foreldrakönnun Skólapúlsins á þessu skólaári var 106 eða svarhlutfall upp á 88,3%

- **Viðhorfskönnun forráðamanna** í tengslum við samtalsdag í febrúar og lögð fyrir forráðamenn nemenda í 3., 6. og 9. bekk. Forráðamenn svöruðu spurningum rafrænt á sal eftir viðtalið. Tengill til að svara var sendur forráðamönnum sem höfðu ekki töl á að svara á samtalsdegi. Alls voru svör fyrir nemendur í 3. bekk 25 en 35 nemendur eru í árganginum. Í 6. bekk voru 27 svör en 43 nemendur eru í árganginum og í 9. bekk voru 21 sem svaraði en 52 nemandur er í árganginum.

## 5. Helstu niðurstöður sjálfsmats Njarðvíkurskóla

Hér verður greint frá niðurstöðum úr þeim matstækjum sem skólinn styðst við í sjálfsmati skóla og niðurstöður tengdar þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér.

### 5.1 Skólapúlsinn

Á þessu skólaári voru lagðar fyrir kannanir hjá Skólapúlsinum hjá nemendum, forráðamönnum og starfsmönnum en þær tvær síðastnefndu eru lagðar fyrir á tveggja ára fresti en nemendakönnun árlega. Markmið Njarðvíkurskóla er að vera yfir landsmeðaltali í öllum þáttum. Í þeim þáttum sem fram koma áskoranir til að gera betur er leitað leiða til útbóta á samráðsfundum starfsfólks, eins og á kaffihúsafundi í lok skólaárs.

### Nemendakönnun – niðurstöður

#### 1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	3,8	203	-0,3	4,2	19.656	-0,4*
1.2. Þrautseigja í námi	4,7	206	0,1	4,5	19.793	0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,1	205	-0,3	4,5	20.045	0,6*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,7	206	0,1	4,3	19.985	0,4*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,5	206	-0,2	4,4	19.737	0,1
1.6. Trú á eigin námsetu	5,0	206	-0,3	4,8	19.976	0,2
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	90,3%	186/206	7,2%	78,9%	15071/19452	11,4%*
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,7 klst.	186	-0,1 klst.	0,5 klst.	15.018	0,2 klst.*

Í virkni nemenda í skólanum eru allir þættir fyrir ofan landsmeðaltal nema ánægja í lestri og hefur sá þáttur verið undir landsmeðaltali síðustu ár. Ýmsar útbætur hafa verið gerðar til að vinna með þennan þátt og á næsta skólaári verður farið í þróunarverkefni með nemendum á miðstigi til að efla áhuga nemenda á lestri undir stjórn Helenu Rafnsdóttur, deildastjóra yngra stigs. Áhugi nemenda á stærðfræði er marktækt vel yfir landsmeðaltali og þá hækkar ánægja nemenda af náttúrufræði sem hefur farið vaxandi síðustu ár.

## 2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfssálit	4,3	206	0,0	4,4	19.654	-0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,3	205	0,0	4,3	19.581	0,0
2.3. Velliðan	4,2	206	-0,1	4,4	19.824	-0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	68	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,0	206	0,1	5,7	19.768	0,3*
2.6. Tíðni eineltis	15,5%	32/206	-0,7%	15,8%	3177/19680	-0,3%
2.7. Staðir eineltis	-	31	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	95,1%	195/205	23,5%	89,2%	17614/19669	5,9%*
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	42,2%	84/199	-6,1%	40,7%	7614/18591	1,5%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	6	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	100	-	-	-	-

Í þáttum er tengjast líðan og heilsu nemenda eru flestar niðurstöður við eða rétt undir landsmeðaltali. Í matsþætti er varðar einelti svara nemendur marktækt yfir landsmeðaltali að þeir hafa upplifað á síðustu 30 dögum atriði sem tengjast einelti s.s. hunsun, ofbeldi eða baktal en tíðni eineltis fer aðeins niður þó hún sé ennþá of há.

## 3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,6	205	-0,1	4,8	19.453	-0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	5,2	206	-0,1	4,8	19.648	0,4*
3.3. Agi í tímum	4,7	206	-0,7	4,8	19.629	-0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,3	206	0,1	4,8	19.500	0,5*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,9	206	-0,4	4,8	19.529	0,1

Í skóla- og bekkjaranda er niðurstaðan góð í mati nemenda á sambandi við kennara og í virkri þátttöku nemenda í tímum en lækkar og er undir landsmeðaltali í samsömun við nemendahópinn og lækkar verulega milli ára í viðhorfi nemenda til aga í tímum og á það sérstaklega við hjá nemendum í 9. bekk.

## Foreldrakönnun – niðurstöður

### 1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,6	103	0,0	5,1	5.536	0,5*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	98,0%	96/98	6,7%	91,0%	4539/5036	7,0%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	82,4%	84/102	-7,1%	80,7%	4315/5329	1,7%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	76,5%	75/98	3,2%	67,1%	3366/5072	9,4%*

Allir þættir í þættinum nám og kennsla í foreldrakönnun Skólupúlsins eru yfir landsmeðaltali sem er jákvætt. Ánægja með stjórnun skólans er marktækt yfir landsmeðaltali og hækkar frá síðust könnun sem var fyrir tveimur árum.

### 2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,2	92	0,2	4,8	5.015	0,4*
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	91,6%	87/95	5,1%	88,5%	4625/5228	3,1%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	93,2%	96/103	6,0%	92,0%	5114/5563	1,2%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	95,1%	98/103	5,6%	91,1%	5043/5543	4,0%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	88,0%	88/100	1,2%	90,1%	4965/5503	-2,1%
2.6. Umfang eineltis á þessu skólaári að mati foreldra	7,1%	7/99	-3,4%	9,0%	490/5398	-1,9%
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	91,7%	11/12	-	85,3%	823/953	6,4%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	5/10	-21,4%	57,7%	502/844	-7,7%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	70,0%	7/10	10,0%	56,2%	473/833	13,8%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	86,7%	52/60	7,0%	77,1%	2216/2892	9,6%*
2.11. Meðaltímabil eineltis	2,0	11	0,6	1,5	949	0,5
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	12	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	39,0%	39/100	-	44,5%	2487/5357	-5,5%

Niðurstöður í foreldrakönnun varðandi velferð nemenda eru flestar jákvæðar. Ánægja er með samskipti við starfsfólks og líðan nemenda í skólanum, bæði almennt og í kennslustundum en rétt fyrir neðan landsmeðaltal í frímínútum. Umfang eineltis mælist lægra en landsmeðaltal en er ennþá hærra en fjöldi tilkynninga sem bárust eineltisteymi skólans á skólaárinu. Rætt var á kaffihúsafundi í lok skólaársins að fara í markvisst samtal við forráðamenn og nemendur um skilgreiningu á einelti sem og verklag við eineltismál svo þær tölur sem koma fram í könnunum sem þessum séu í samræmi við tilkynnt mál.

### 3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,9	98	0,3	5,6	5.321	0,3*
3.2. Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu	5,9	48	0,3	5,2	3.361	0,7*
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili	50,5%	51/101	13,7%	66,6%	3557/5285	-16,1%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundaþjónustu	-	48	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með matinn	83,3%	75/90	4,1%	72,7%	3753/5045	10,6%*
3.6. Notkun á mat í skólanum	94,0%	94/100	11,9%	96,3%	5239/5418	-2,3%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki matinn	0%	0/6	0,0%	1,1%	3/178	-1,1%

Í matsþætti er varðar aðstöðu og þjónustu eru niðurstöður góðar, ánægja er hjá forráðamönnum með aðstöðu í skólanum og með þá tómsundaþjónustu sem í boði er. Eins kemur fram ánægja með matinn sem Skólamatúr sér um.

#### 4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,4	92	-0,2	4,7	5.134	-0,3
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	64,9%	50/77	-3,9%	55,3%	2419/4265	9,6%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	80,0%	52/65	4,6%	66,1%	2374/3542	13,9%*
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtali	98,9%	91/92	2,2%	93,3%	4814/5154	5,6%*
4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	95	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	56,2%	50/89	-4,3%	53,6%	2414/4521	2,6%
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	86,8%	66/76	-3,1%	87,4%	3486/4016	-0,6%
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	89,5%	85/95	2,7%	77,4%	3870/4957	12,1%*
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	78,0%	78/100	-1,6%	70,4%	3825/5403	7,6%

Að mati forráðamanna er frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi undir landsmeðaltali en forráðamenn eru mjög ánægðir með síðasta foreldraviðtali sem og áhrif þeirra á ákvarðanir varðandi nemendur og þátttöku þeirra í gerð námsáætlana.

#### 5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,2	98	-0,2	4,9	5.303	0,3
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,5	95	-0,4	4,5	5.284	0,0
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	80,4%	78/97	4,6%	73,3%	3750/5088	7,1%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	67,7%	65/96	0,7%	55,1%	2762/5052	12,6%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	70,9%	56/79	6,2%	76,9%	3136/4189	-6,0%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	15,2%	12/79	-3,9%	13,6%	609/4189	1,6%

Forráðamenn upplifa hæfilega heimavinnu nemenda og eru einnig marktækt yfir í tíma sem þeir nota til að aðstoða sín börn við heimanám. Væntingar forráðamanna um háskólanám eru undir landsmeðaltali en hækka þó miðað við síðustu könnun á meðan væntingar forráðamanna um iðnnám hjá sínum börnum eru rétt yfir landsmeðaltali.

## Starfsmannakönnun - niðurstöður

### 1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,6	82	-0,3	5,0	2.033	-0,4*
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,5	82	0,4	4,8	2.029	0,7*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,5	82	-0,5	5,1	2.032	-0,6*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,0	82	0,1	5,0	2.031	0,0

Í mati starfsfólks á sínu starfi koma fram mjög jákvæðar niðurstöður, bæði eru flestir þættir vel yfir landsmeðaltali sem og jákvæðar breytingar frá síðust könnun sem var fyrir tveimur árum.

### 2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,3	81	0,2	5,0	2.003	0,3
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,7	81	0,7	5,1	2.002	0,6*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,2	81	0,2	5,2	2.000	0,0
2.4. Ræktun mannauðs	6,0	81	0,6	5,3	1.945	0,7*
2.5. Starfsmannasamtöl undanfarið ár	86,3%	63/73	0,3%	77,3%	1419/1835	9,0%*
2.6. Gagnsemi starfsmannasamtala	100,0%	60	9,9%	88,5%	1190/1345	11,5%*

Mat starfsfólk á sinni upplifun er einnig mjög jákvæð, allt yfir landsmeðaltali flest marktækt yfir. Starfsfólk upplifir jákvæða skuldbindingu til vinnustaðarins og eins er ræktun mannauðs marktækt yfir landsmeðaltali. Gagnsemi starfsmannasamtala er að mati starfsfólks 100%.

### 3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	6,0	81	1,2	5,3	1.991	0,7*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,9	79	0,4	4,8	1.923	0,1
3.3. Stytting vinnuviku	64,5%	40/62	-	76,1%	1160/1525	-11,6%*
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	45,0%	18/40	-	42,7%	494/1157	2,3%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,8	81	0,5	5,2	1.982	0,6*
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,9	81	0,6	5,2	1.975	0,7*
3.7. Mismunur	5,2	81	-0,8	4,7	1.978	0,5*
3.8. Einelti (þú)	0%	0/81	0,0%	1,9%	38/1974	-1,9%
3.9. Einelti (annar en þú)	2,5%	2/81	-6,6%	6,5%	127/1958	-4,0%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	1,2%	1/81	0,1%	2,3%	46/1958	-1,1%
3.11. Kynferðisleg áreitni	1,2%	1/81	-1,1%	1,0%	20/1976	0,2%

Mat starfsfólks á vinnustaðnum er mjög jákvætt, starfsandi og stuðningur góður. Eins lækkar frá síðust könnun upplifun starfsfólks á mismunur á vinnustað. Niðurstöður á styttingu vinnuvikunnar er lægra en landsmeðaltal og á kaffihúsafundi í lok skólaárs kom fram hjá almennu starfsfólki að þeir upplifa ekki að þeir séu að fá styttingu vinnuvikunnar.

### 4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	6,1	81	1,0	5,3	1.928	0,8*
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,9	81	1,0	5,4	1.917	0,5*
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	6,0	80	1,0	5,2	1.911	0,8*
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	-	-	-	-	-	-
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-

Niðurstöður á mati starfsfólks á stuðningi, forystu og valdeflandi forystu frá næsta yfirmanni kom marktækt jákvætt út í öllum þáttum.

## 5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,8	39	0,9	5,2	1.165	0,6*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,8	39	0,2	5,1	1.146	0,7*
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,0	36	0,1	5,2	993	-0,2
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	35,3 mín	37	-1,3 mín	40,3 mín	1.009	-5,0 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	75,6%	31/41	7,5%	62,2%	732/1176	13,4%*
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	57,1%	20/35	-0,7%	48,4%	531/1096	8,7%
5.7. Hópavinna í bekk	32,4%	11/34	-17,6%	36,5%	378/1037	-4,1%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	30,8%	12/39	-0,3%	31,5%	350/1111	-0,7%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	62,2%	23/37	1,3%	55,5%	625/1126	6,7%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	15,2%	5/33	2,4%	14,7%	155/1055	0,5%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	89,2%	33/37	10,9%	75,8%	870/1147	13,3%*

Þegar niðurstöður fagfólks eru skoðaðar sérstaklega eru margir jákvæðir þættir. Fagfólk er ánægt í starfi og hafa trú á eigin getu. Í mati fagfólks á kennsluaðferðum þá er hlutfall þess að öllum bekknum er kennt í einu hærra en einstaklingsvinna og/eða hópavinna. Áhersla kennara á námsmat með prófum er aðeins hærra en landsmeðaltal en áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum er marktækt hærra en landsmeðaltal og má leiða líkur að því að þar komi umræða um leiðsagnarnám sterkt inn.

## 6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	6,2	35	1,0	5,0	1.017	1,2*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	6,7	35	1,2	5,2	1.004	1,5*
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,2	38	0,3	5,4	1.136	0,8*
6.4. Samráð um kennslu	4,9	38	0,1	5,4	1.093	-0,5
6.5. Samvinna um kennslu	5,1	31	-0,2	5,7	998	-0,6*


Niðurstöður á stuðningi við kennara, bæði vegna nemenda sem og faglegur stuðningur eru mjög jákvæðar eða marktækt yfir landsmeðaltali. Brýnt er þó að skoða

samráð og samvinnu um kennslu og voru leiðir til þess ræddar á kaffihúsafundi að vori.


## 5.2 Moodup – starfsfólkskönnun

Moodup er vinnustaðagreining sem er framkvæmd í fimm sinnum á ári þar sem starfsfólk tekur þátt í púlsmælingum með því að svara nokkrum spurningum varðandi starfsánægju. Niðurstöður eru nýttar til að vinna með það sem vel er gert auk þess að vinna að þeim áskorunum sem koma þar fram. Niðurstöður eru settar fram í sitthvoru lagi fyrir starfsfólk Njarðvíkurskóla og svo fyrir starfsfólk í Ösp. Svarhlutfall í Moodup könnuninni var mjög gott eða 97% í Njarðvíkurskóla og 94% í Ösp.

### Njarðvíkurskóli – niðurstöður



Starfsánægja mælist vel yfir viðmiði í Njarðvíkurskóla og ef skoðaðir eru þeir drifkraftar sem mynda starfsánægju þá eru þeir allir yfir viðmiði.



## Ösp – niðurstöður



Starfsánægja í Ösp mælist 0.5 yfir viðmiði og sé skoðað þróun yfir tíma þá fer hún vaxandi yfir skólaárið. Drifkraftar sem mynda starfsánægju eru einnig allir yfir viðmiði og flestir þeirra hækka milli ára.



### 5.3 Viðhorfskönnun forráðamanna í 3., 6. og 9. bekk á samtalsdegi í janúar


Í viðhorfskönnun sem er lögð fyrir forráðamenn nemenda í 3., 6. og 9. bekk er spurt um viðhorf þeirra til eftirfarandi þátta:

- Samskipti og líðan
- Nám og kennslu
- Stjórnun skólans, stefna og sýn
- Samstarf og upplýsingarstreymi

Niðurstöður eru hér sundurliðaðar eftir árgöngum.

### 3. bekkur

*Samskipti og líðan* – flestir eru mjög eða frekar sammála jákvæðum samskiptum og góðri líðan nemenda en 8% forráðamanna eru mjög ósammála um góð samskipti og að skólinn taki að festu á eineltismálmum.



*Nám og kennsla* – Nær allir forráðamenn eru jákvæðir gagnvart þeim þáttum sem tengjast námi og kennslu.



*Stjórnun skólans, stefna og sýn* – Allir forráðamenn mjög eða frekar jákvæðir um þá þætti.




## Viðhorf til samstarfs og upplýsingarstreymi – allir þættir jákvæðir.



## 6. bekkur

**Samskipti og líðan** – tæp 15% forráðamanna eru frekar eða mjög ósammála um að samskipti milli nemenda séu góð en nær allir telja að barninu sínu líði vel í skólanum. Mikilvægt er að vinna að bættum samskiptum í þessum árgangi.



**Nám og kennsla** – flestir þættir koma jákvætt út en skoða þarf upplýsingar varðandi námsmat og að taka tillit til óska og athugasemda forráðamanna.



**Stjórnun skólans, stefna og sýn – flestir forráðamenn mjög eða frekar jákvæðir um þætti er tengjast stjórnun skólans.**




**Viðhorf til samstarfs og upplýsingastreymi – öll svör forráðamanna eru mjög eða frekar sammála.**




## 9. bekkur

**Samskipti og líðan – í svörum forráðamanna eru rúm 71% forráðamanna sem eru mjög eða frekar sammála um að samskipti nemenda séu góð en tæp 15% forráðamanna sem eru frekar eða mjög ósammála því. Hátt hlutfall forráðamanna svara hvorki né í flestum þáttum.**



**Nám og kennsla – allir forráðamenn eru mjög eða frekar sammála því að þeir fylgjast vel með námi. Í þessum þætti eru einnig margir forráðamenn sem svara hvorki né.**



**Stjórnun skólans, stefna og sýn – flestir forráðamenn mjög eða frekar jákvæðir um þætti er tengjast stjórnun skólans.**




**Viðhorf til samstarfs og upplýsingarstreymi – öll svör forráðamanna eru mjög eða frekar sammála varðandi samstarf en einhverjir svara hvorki né varðandi upplýsingarstreymi.**



## 5.4 Lestrar- og stærðfræðiskimanir

Nemendur í 1. bekk taka lesskimun til snemmtækrar íhlutunar í október og er unnið með niðurstöður heima og í skóla í þeim þáttum sem koma ekki vel út hjá nemendum. Deildarstjóri yngra stigs sér um fyrirlögn prófanna ásamt umsjónarkennara og skipulag á vinnu í tengslum við niðurstöður. Allir nemendur í 1.-10. bekk taka lesfímipróf þrisvar sinnum yfir skólaárið, í september, janúar og maí. Niðurstöðurnar eru færðar inn í Skólagátt Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem heldur utan um niðurstöður fyrir alla skóla landsins og einnig eru niðurstöðurnar settar á Mentor. Nemendur fá niðurstöður í fjölda orða á mínútu. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu setur svo þrjú viðmið í hverjum árgangi og miðað er við að 90% nemenda nái viðmiði 1, 50% nemenda nái viðmiði 2 og 25% nemenda nái viðmiði 3.




Niðurstöður nemenda í Njarðvíkurskóla við lok skólaárs 2025 eftir viðmiðum:

Í 1. bekk eru 53,2% nemenda á milli viðmiða 1 og 2 og 72,4% nemenda á milli viðmiða 1 og 3 og yfir viðmið 3 eru 10,6%. 1. bekkur er í takt við landið í meðaltali lesinna orða og viðmiða eftir árgöngum sem er góður árangur. Í 2. bekk eru 40,6% nemenda á milli viðmiða 1 og 2 og 65,6% nemenda á milli viðmiða 1 og 3 og yfir viðmiði 3 eru 25% nemenda yfir viðmiði 3. Nemendur í 2. bekk eru vel yfir landsmeðaltali sem er frábær árangur. Í 3. bekk eru 57,6% nemenda á milli viðmiða 1 og 2 og 69,7% nemenda á milli viðmiða 1 og 3 og 15,2% nemenda yfir viðmiði 3. Nemendur í 3. bekk eru rétt undir landsmeðaltali. Í 5. bekk eru 52,4% nemenda á milli viðmiða 1 og 3 og 21,4% nemenda yfir viðmiði 3. Nemendur í 5. bekk eru við landsmeðaltal. Í 10. bekk eru 75% nemenda

á milli viðmiða 1 og 3 og þar af 18% nemenda yfir viðmiði 3. Nemendur í 10. bekk eru yfir landsmeðaltali.

Í 4., 6., 7., 8. bekk eru 39,6%-48,7% nemenda á milli viðmiða 1 og 3. Hlutfallslega eru flestir nemendur í þessum árgöngum undir viðmiði 1 eða 32,6%-55,8% og eru þar í takt við landið. Mikilvægt að bregðast fljótt við þessum niðurstöðum með markvissri vinnu.

Hér má sjá meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum í Njarðvíkurskóla í maí 2025.



Kennsluráðgjafar frá Menntasviði Reykjanesbæjar leggja Logos skimun fyrir þá nemendur í 6. og 9. bekk sem eru undir viðmiði 2 í lok 5. og 8. bekkjar að vori áður til að skima nemendur og sjá hvaða nemendur þurfa að fara í heildar lestrargreiningu að hausti. Farið er yfir niðurstöður á fundum með umsjónarkennurum og stjórnendum.

**Talnalína** er stöðupróf sem er lagt fyrir nemendur í 3., 6. og 8. bekk. Umsagnir og mat kennara sem sáu um fyrirlögn;

- Ánægja með Talnalínu sem skimunartæki.
- Niðurstöður nemenda voru góðar.
- Hægt að nýta Talnalínu fyrir nemendur í sérkennslu og á þeirra forsendum.

## 5.5 Önnur matstæki

Stjórnendur skipulögðu kennsluheimsóknir til fagfólks sem og samtöl um líðan í starfi við almenna starfsmenn. Almenn t var mjög góð upplifun starfsfólks með þessa fundi og heimsóknir. Á kaffihúsafundi að vori sem og í umræðum í teyrum í leiðsagnarnámi var rætt um að fagfólk fari í skipulagðar heimsóknir í kennslu hjá öðru fagfólki.

Öll teymi fagfólks skila skýrslu að vori með upplýsingum um verkefni á skólaárinu sem og verkefni fyrir næsta skólaár. Verkefni teymi fagfólks eru fjölbreytt og gott starf unnið að faglegum verkefnum skólans í teymunum.

## 6. Framkvæmdarmat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður	Hverjir meta	Mat og það sem má betur fara
Skólasetning	Deildarstjórar	Skólasetning 23. ágúst var skipt niður í fjögur skipti í á sal skólans og síðan fóru nemendur í 1.-10. bekk með umsjónarkennurum í heimastofur. Nemendur og forráðamenn mættu 2.-3. bekkur kl. 8:30, 4.-5. bekkur kl. 9:30, 6.-7. bekkur kl. 10:30, 8. bekk kl. 11:30 og 9.-10. bekkur kl. 12:30 og 1. bekkur kl. 13:00. Forráðamenn voru velkomnir. Skólasetning tókst vel. Allir stjórnendur tóku þátt í og áttu hver og einn stjórnandi ákveðið hlutverk á þessum degi. Þetta var breyting frá fyrri skólasetningu sem hafði verið meira í höndum skólastjóra.
Skólakynningar	Kennarar	Skólakynningar voru í heimastofum á skólasetningardegi og var mikil ánægja með þær. Skólakynningarnar voru síðan sendar rafrænt heim til forráðamanna 24. ágúst.
Samfella á milli skólastiga	Deildastjóri yngra stigs	Gagnkvæmar heimsóknir elstu nemenda á leikskólanum Gimli og 1. bekk voru reglulegar allt skólaárið. Allir leikskólar í Reykjanesbæ fengu boð um heimsókn í skólann með tilvonandi nemendum Njarðvíkurskóla. Það komu nemendur frá öllum leikskólunum í heimsókn 6. maí og fengu kynningu á skólanum sem var mjög skemmtilegt. Þetta samstarf á milli leik- og grunnskóla er bæði mikilvæg og dýrmæt fyrir alla.
Samtalsdagar í október og febrúar	Deildarstjórar	Samtalsdagar 8. október og 28. janúar Forráðamenn bókuðu viðtöl í gengum Mentor og fóru viðtölin fram í heimastofum nemenda. Einnig gátu forráðamenn óskað eftir viðtali í gegnum Teams. Ef forráðamenn óskuðu eftir viðtali við fag, list- og verkgreinakennara, sem einnig eru til viðtals þennan dag, þá er haft samband við skrifstofustjóra skólans sem bókaði viðtölin. Allir kennarar skrá umsagnir um sína námshópa fyrir samtalsdagana. Nemendur svöruðu með forráðamönnum rafrænni könnun um líðan fyrir viðtalið í október. Könnun um líðan og umsagnir kennara er grunnurinn að viðtölum á samtalsdögum.
Dagur íslenskrar tungu	Deildarstjórar	Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur á sal skólans 15. nóvember, fyrir 1.-6. bekk kl. 8:25-9:30 og 7.-10. bekk kl. 10:00-11:00. Nemendur í 1., 2., 4., 6., 9. og 10. bekk voru með atriði ásamt nemendum af leikskólanum

		Gimli. Nemendur sungu, lásu upp ljóð og margt fleira. Almenn ánægja var með viðburðinn.
Læsisvika í september	Læsisteymi	Læsisvika 14.-18. október: Ákveðið var að vera með skemmtilega lestraráskorun fyrir lesara á öllum aldri og var þemað „Skemmtileg bingóáskorun“.
Upplstur rithöfunda í nóvember og desember	Deildarstjórar	Í desember las Kristín Þórunn rithöfundur úr bókum sínum fyrir nemendur í 1. Bekk. Gunnar Helgason rithöfundur las úr bók sinni Stella segir bless fyrir nemendur í 2.-7. bekk. Bergrún Íris Sævarsdóttir rithöfundur las úr bók sinni Nammi Dagur fyrir nemendur í 8.-10. bekk.
Jólafondurdagur, jólalegur dagur og hátíðarmatur.	Deildarstjórar	11. desember var jólaföndurdagur þar sem nemendur föndruðu jólaskraut, kort fyrir árganginn o.fl. Starfsfólk og nemendur komu í einhverju jólalegu t.d. jólapeysum, með jólahúfur eða jólaglingur eða í jólalegum litum. Hátíðarmatur var á sal skólans þar sem starfsfólk skólans báru fram matinn og voru í einhverju jólalegu. Nemendur í nemendafélaginu og í 10. bekk aðstoðuðu við að skreyta salinn.
Söngur á sal í desember og útónlist	Deildarstjórar	Nemendur ásamt starfsfólki kom fjórum sinnum á sal í desember og sungu saman jólalög. Nemendur í 6. bekk sáu um að hafa jólatónlist í frímínútum við góðar undirtektir.
Aðventustund í Ytri-Njarðvírkirkju	Deildarstjórar	12. desember var aðventustund í Ytri- Njarðvírkirkju. Þar sem nemendur komu saman og hlustuðu á jólasögu og sungu nokkur jólalög. Nemendur í 7.-10. bekk höfðu kost á að velja hvort þeir vildu fara með á þessa aðventustund.
Jólahátíð Njarðvíkurskóla	Hátíðarteymi	Jólahátíð Njarðvíkurskóla var 20. desember. Nemendur héldu litlu jólin í sínum heimastofum og fóru svo niður á sal og dönsuðu í kringum jólatréð. Helgileikurinn frá 6. bekk var tekinn upp í Njarðvírkirkju og sýndur rafrænt í stofum. Ánægja með þetta fyrirkomulag.
Læsisvika í mars	Læsisteymi	Læsisvika 20.-24. janúar: Áhersla læsisvikunnar var á lesskilning og lesskilningsaðferðir. Í ljósi þess hvað lesskilningur er mikilvægur fyrir nám nemenda ákvað læsisteymið að nálgast viðfangsefnið með nýjum hætti að þessu sinni. Verkefni læsisvikunnar fólst í því að bóknámskennarar kynntu sér og nýttu lesskilningsaðferðir með nemendum sínum sem finna má í Læsisstefnu Njarðvíkurskóla.
Söngur á sal á þorranum	Læsisteymið	24. janúar á bóndadegi komu nemendur komu á sal í tveimur blönduðum hópum og sungu þrjú þorralög, Krummi krunkar úti, Frost er úti fuglinn minn og Þorraþræl.

Öskudagur	Viðburðarteymi	Öskudagurinn var haldinn á hefðbundinn hátt 5. mars. Nemendur í 1.-5. bekk fóru á milli fimm stöðva sem voru bæði í skólanum og íþróttahúsinu. En nemendur í 6.-10. bekk gátu valið á milli níu stöðva sem voru í stofum og á sal. Dagskráin byrjaði kl. 8:15 og var til 11:15. Dagurinn var mjög skemmtilegur og gekk vel.
Upplestrarkeppnin hjá 7. bekk	Deildarstjóri eldra stigs	Keppnin var haldin á sal 28. febrúar og gekk vel. Almenn ánægja var með framkvæmd og ásýnd keppinnar. Dómarar voru Ásgerður Þorgeirsdóttir fyrrum skólastjóri, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Rafn Markús Vilbergsson skólastjóri Njarðvíkurskóla. Sigurvegarar í Njarðvíkurskóla voru Karen Gígja Guðnadóttir og Viktoría Sól Sigurðardóttir. Elísa Guðrún Guðnadóttir var valin sem varamaður. Þær héldu áfram að æfa og undirbúa sig fyrir lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar sem fór fram í Hljómahöll 12. mars.
Þemadagar	Deildarstjórar	Þemadagar 18.-21. febrúar - Þemað í ár var „Árið okkar“ og var ákveðið að tengja það við þema árshátíðar Njarðvíkurskóla. Viðburðarteymið lagði upp með tillögur/kveikjur en hver og einn árgangur myndi vinna með þær og aðlaga algjörlega að sínum nemendum. Árgangurinn fann eitthvað sem tengist árinu þeirra sem gæti nýst sem árshátíðaratriði. Nemendur unnu verkefni/veggspjöld/myndbrot þar sem komu fram skemmtilegar upplýsingar frá árinu sem þeir fæddust t.d. hvað kostaði hvað á árinu, hvað er búið að breytast, uppfinningar, tækninýjungar, vinsælasta jólagjöfin, vinsælasta bíómyndin o.m.fl. Allar árgangar bjuggu til skraut eða leikmuni fyrir árshátíðaratriði sitt eða fyrir salinn sem var nýtt á árshátíðardaginn. Þar sem afrakstur af þemadögum var sýndur í stofum/göngum/sal eftir árshátíð skólans 4. apríl. Viðburðarteymið bjó til risastóra tímalínu á sal þar sem hver bekkur setti upp „aðalatriði sem gerðust á þeirra ári“
Árshátíð	Hátíðarteymi	Árshátíð skólans var haldin hátíðleg 4. apríl og var þemað „Árið okkar“. Áshátíðin var mjög vel skipulögð og frábær í alla staði. Forráðamenn og aðrir í skólasamfélaginu hafa bæði lofað og hrósað þessum skemmtilega viðburði mikið.
Litla upplestrarhátíðin hjá 4. bekk	Deildarstjóri yngra stigs	Litla upplestrarhátíðin hjá 4. bekk var haldin á sal 20. maí. Nemendur í 3. bekk, forráðamenn og aðrir gestir voru áhorfendur. Keppnin var mjög hátíðleg, vel skipulögð og gekk allt mjög vel.

Stærðfræðivika	Stærðfræðikennarar	Stærðfræðivika var haldin 10.-14. mars. Allt fagfólk var hvatt til að vinna að stærðfræðilegum viðfangsefnum og horfa til þess að stærðfræði má sjá í flestum viðfangsefnum ef sett eru upp stærðfræðigleraugun.
Íþróttadagur	Íþróttakennarar	Íþróttadagurinn var 30. apríl og var skipulag í höndum íþróttakennara. Dagskráin var tvískipt, 1.-5. bekkur og 6.-10. bekkur. Skemmtilegur dagur. Keppni milli nemenda og starfsfólks í knattspyrnu og körfubolta fór fram 16. maí.
Vorferðir og útinám í maí og júní	Allt starfsfólk	Allir bekkir fóru í vorferðir, 10. bekkur fór á Bakkafliót 21. maí, 8. bekkur í Vísindasmiðjuna og Þjóðminjasafnið 21. maí, 2. bekkur fór í Þekkingarsetrið í Sandgerði, 4. bekkur í Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Reykjavík 4. júní og 6. bekkur til Þingvalla 4. júní aðrir bekkir fóru í sínar ferðir í nærumhverfi skólans 3.-5. júní sem gekk frábærlega og var ánægja með það. Dagana 3.-5. júní var skipulagt útinám fyrir árgangana sem ekki voru í ferðum. Kennarar skiluðu til deildarstjóra skipulagi varðandi útinámið.
Hátíðarkvöldverður	Skólastjórn	Hátíðarkvöldverður fyrir nemendur í 10. bekk var haldinn kl. 17:30 10. apríl. Fulltrúar forráðamanna í 10. bekk sáu um skipulagningu á kvöldverðinum og var maturinn aðkeyptur. Nemendur settu saman kveðjumyndband, formaður nemendaráðs talaði fyrir hönd nemenda, umsjónarkennarar töluðu til nemenda, skólastjóri flutti ávarp og fulltrúi forráðamanna sá um veislustjórn. Öllu starfsfólki var boðið að skrá sig á kvöldverðinn.
Vorhátíð	Viðburðarteymi	Vorhátíð Njarðvíkurskóla var haldin 30. maí. Viðburðarteymið skipulagði dagskrá fyrir daginn og skipti starfsfólki á stöðvar þannig að allir vissu hver hafði umsjón með hvaða stöð. Nemendur í 10. bekk aðstoðuðu á stöðvum. Á hátíðardaginn mætti allt starfsfólk kl. 8:00, skreyttu útisvæðið með veifum sem nemendur höfðu útbúið. Nemendur mættu kl. 9:50 og skrudngangan fór stundvíslega af stað kl. 10:00. Fyrst á dagskrá var BMX brós á bílplani starfsfólks, sem var lokað þann dag. Allar stöðvar voru frá kl. 10:25 og þeim lauk kl. 12:00. Annað sem var til boða á hátíðinni var ýmsir leikir, glimmerbar, leiktæki fyrir eldri nemendur og litahlaup þar sem við fengum aðstoð frá Brunavörnum Suðurnesja til að sprauta vatni yfir nemendur bæði fyrir og eftir hlaup. Samfélagslögreglan var á svæðinu á meðan á hátíðinni

		stóð. Síðast á dagskrá á vorhátíðinni var pylsuveisla og sáu fulltrúar frá foreldrafélagi skólans um að afgreiða pylsurnar og drykki. Það var bæði gert plan A (úti) og plan B (inni). Mikilvægt að huga tímanlega að panta leikföng og útidót til að hafa á stöðvum, skipuleggja dagskrá og í framhaldi að panta leiktæki, útvega trommur hjá tónlistarskólanum, útbúa litaduft og glimmerbar ásamt því að panta atriði.
Skólaslit hjá 1.-9. bekkur og útskrift hjá 10. bekk	Skólastjórn	Skólaslitin hjá 1.-10. bekk voru 6. júní á sal skólans og var þeim skipt upp í fjögur skipti. 1., 2. og 3. bekkur, 4., 5. og 6. bekkur, 7.-9. bekkur og 10. bekk. Skólaslitin byrjuðu á sal þar sem Rafn Markús Vilbergsson skólastjóri ávarpaði nemendur, forráðamenn og starfsfólk. Flutt voru tónlistaratriði á öllum skólaslitum. Að þessu loknu fóru nemendur með sínum umsjónarkennurum í heimastofur og fengu afhentan vitnisburð sinn. Útskrift nemenda í 10. bekk var á sal skólans. Flutt var tónlistaratriði, aðstoðarskólastjóri stjórnaði útskriftinni. Umsjónarkennarar, fulltrúar nemenda og skólastjóri fluttu ræðu. Allir nemendur fengu trefla að gjöf. Fjöldi viðurkenninga voru veittar um leið og hver og einn fékk sitt útskriftarskírteini. Mjög vel var mætt af forráðamönnum á öll skólaslitin. Að lokum var Njarðvíkurskóla slitið en þetta var 83. Starfsár
Kaffihúsafundur	Skólastjórn	Kaffihúsafundur var í formi þings starfsfólks eins og á síðasta skólaári. Yfirskrift fundarins var „Jákvæður skólabragur – Leiðir og hlutverk“. Þar voru teknir fyrir fjórir þættir: Góð líðan allra, Samskipti, Tækifæri til að auka samvinnu starfsfólks og Verkefni og aðgerðir. Margar góðar ábendingar komu fram sem stjórnendur halda áfram að vinna með og flokka í verkefni stjórnenda, fagfólks, sameiginleg og þau sem eru í framtíðaráætlun.

## 7. Umbótaáætlun

Á grunni þessarar sjálfsmatsskýrslu er unnin áætlun um aðgerðir og umbætur til eins árs, eða til vors 2026. Sú áætlun er kynnt starfsfólki að hausti 2025.

Reykjanesbæ, júní 2025

Rafn Markús Vilbergsson, skólastjóri  
Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri



**REYKJANESBÆR**  
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

